

Fundur 6.2.2023 Einar Oddur Kristjánsson

Komið þið allir sælir.

*Já komdu blessaður og sæll.*

Ævinlega gaman og gott að tala til ykkar um geimdjúpið og ég nú ekki að segja margt að þessu sinni en þykir mér rétt að koma orðum að því sem mér býr í brjósti.

Og hef ég áður rætt við ykkur um svipuð málefni þegar þannig hefur staðið á og var einn félagi minn meðal ykkar og aðstoðarmaður og félagi í hópnum og biður hann nú kærlega að heilsa ykkur, Halldór.

Eru komin ár síðan ég ræddi við ykkur síðast og hef ég tekið lífinu með ró á nýjum hnetti og gott af mér að segja og finnst mér erfitt að koma orðum að því sem hér átti að segja um málefni þjóðarinnar en það mun kannski takast síðar.

Við sem komum hingað nýkomin verðum að sinna okkar persónulegu málum og brýnustu málum fyrst áður en við getum farið að hjálpa öðrum og var það nú eitt af öðru sem ég þurfti að sinna á sjálfum mér til að ná enn betri kröftum í framlífi og tel ég að það hafi tekist.

En er okkur unnt að skynja til ykkar og verðum við vör þegar aðstæður breytast í þjóðfélagi og talaði ég við ykkur í fyrsta skipti skömmu eftir að ég kom á þennan framlífs hnött og fjallaði ég þá um nauðsyn þess að þjóðin stæði saman og léti til hliðar stjórnmálalegan ágreining og málefnalegan ágreining á meðan efnahagsleg áföll dundu yfir og þykir mér ekki ósvipað ástandið núna hjá ykkur.

Og talaði ég þó til ykkar nýlega en voru þá aðstæður aðrar. Er hér líka annar félagi minn sem er einnig hjálpaði okkur að vinna þjóðinni gagn og ná þeirri sátt sem þurfti að ná og er hann mjög ánægður með sitt fólk og mun hann jafnvel reyna að tala hér í kvöld.

Já ég hef sinnt landbúnaðarstörfum og kannað náttúruna og aðeins í pólitíkinni, Einar Oddur Kristjánsson.

*Já blessaður, komdu blessaður.*

Það var Halldór Bernódusson sem ég minntist á hér á undan.

*Mlg grunaði það, en sá sem ætlar að koma á eftir.*

Stjórnmálamaður, næ ekki alveg að nefna hann.

*Það kemur bara í ljós.*

Ég vildi minnast á það við ykkur að nú þurfa stjórnmálaöflin að vinna að annarri þjóðarsátt þar sem ekki er útséð með hvernig efnahagsstöðuleiki verður í heiminum og Íslandi á næstunni og höfum við grun um að hugmyndir framsóknarmanna séu mikilvægar á þeim tímum sem gætu verið í vændum ef helstefnuöflin ná að valda meiri skaða.

Tala ég hér úr fagurri stjörnusambandsstöð og útsýni gott yfir stjörnuhimininn. Er mín eiginkona einnig mér við hlið og kom hingað fyrir nokkrum árum.

Biðjum við að heilsa fjölskyldunni og höfum það gott.

Ætla ég nú ekki að hafa þetta lengra að sinni en vona ég að þessi skilaboð hafi komist til skila.

Verið þið sælir.

*Má ég spurja þig einnar spurningar Einar?*

Já.

*Manstu nokkuð þegar við vorum að vinna saman í saltfiskinum á Flateyri?*

Já það er nú orðið langt síðan það var, þú varst ungur maður.

*Já, þakka þér fyrir samvinnuna þá.*

Já, það var gott að vera úti í verðrinu og,

*Já,*

Já, þú hefur væntanlega haft gott af því að vinna þar?

*Hvort sem það var skreið eða saltfiskur eða flökun eða hvað það var það alltaf ágætt og Steini líka.*

Já.

*En ég bið að heilsa Gunnlaugi Kristjánssyni hann var svona verkstjórinn, ef þú hefur hitt hann.*

Ég skal skila því og þakka þér fyrir, og verið þið sælir, gaman að þessu.

Verið þið blessaðir.

*Vertu blessaður.*